

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli ára 1993 og 1994 að tekjuskattstofn á tekjuárinu 1994 sé meira 25% lægri en tekjuskattstofn hans var á tekjuárinu 1993 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 5%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduáætlun gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 90/1990 og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1995 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1995.

1. gr.

Markaðsgjald sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind skv. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga, skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 1995. Er gjalddagi fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1995 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 8% af álögðu markaðs-gjaldi á árinu 1994.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á markaðsgjaldi sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1995 skv. 2. gr., ef sýnt er fram á að markaðsgjald muni lækka um a.m.k. 25% á milli ára.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðslu-skyldunnar.

4. gr.

Um greiðslur markaðsgjalds á árinu 1995 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða I við lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, sbr. 52. gr. laga nr. 122/1993, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1994.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku breytinga samkvæmt 1. gr. laganna sem hér segir:

Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr. Frestað er niðurlagningu Kirkju-hvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll. Ennfremur er frestað færslu Stórolfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólssstaðarprestakall.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 31. desember 1995.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.